

REGLUR

um hreindýraveiðar árið 1988.

1. gr.

Heimilt er að veiða allt að 330 hreindýr í Norður-Píngeyjarsýslu, Múlasýslum og Austur-Skaftafellssýslu á tímabilinu 1. ágúst til 15. september árið 1988. Þó getur ráðuneytið leyft veiðar á öðrum árstíma, ef sérstakar ástæður mæla með, að höfðu samráði við hreindýraeftirlitsmenn, sem hlut eiga að máli.

2. gr.

Tala þeirra dýra, sem veidd verða samkvæmt 1. gr., skiptist þannig milli eftirgreindra hreppa og kaupstaða:

1. Fjallahreppur	2 hreindýr
2. Skeggjastaðahreppur	2 —
3. Vopnafjarðahreppur	7 —
4. Fljótisdalshreppur	35 —
5. Jökuldalshreppur	35 —
6. Fellahreppur	14 —
7. Tunguhreppur	14 —
8. Hlíðahreppur	5 —
9. Hjaltastaðahreppur	15 —
10. Borgarfjarðahreppur	20 —
11. Seyðisfjarðahreppur	2 —
12. Seyðisfjörður	2 —
13. Skriðdalshreppur	18 —
14. Vallahreppur	20 —
15. Egilsstaðabær	8 —
16. Eiðahreppur	11 —
17. Mjóafjarðahreppur	6 —
18. Norðfjarðahreppur	20 —
19. Eskifjörður	25 —
20. Reyðarfjarðahreppur	6 —
21. Búðahreppur	2 —
22. Fáskrúðsfjarðahreppur	2 —
23. Stöðvarhreppur	2 —
24. Breiðdalshreppur	7 —
25. Beruneshreppur	7 —
26. Búlandshreppur	6 —
27. Geithellnahreppur	11 —
28. Bæjarhreppur	5 —
29. Nesjahreppur	5 —
30. Hafnarhreppur	2 —
31. Mýrahreppur	12 —
32. Borgarhafnarhreppur	2 —

Samtals 330 hreindýr

3. gr.

Auk þeirra hreindýra sem skiptast samkvæmt framansögðu, getur ráðuneytið leyft veiði nokkurra dýra í viðbót ef henta þykir, m. a. handa söfnum, til vísindalegra rannsókna o. þ. h. og koma þau dýr ekki til skipta. Veiðin fari fram undir eftirliti hreindýraeftirlitsmanns, sbr. 5. gr.

4. gr.

Andvirði felldra hreindýra, sbr. 2. gr., greiðist í reikning hlutaðeigandi sveitarsjóðs en hver hreppsnefnd (bæjarstjórn) skiptir fénu innan síns svæðis. Skal hreppsnefnd fyrst og fremst láta þá bændur, sem fyrir mestum ágangi verða af hreindýrum á beitilönd sín, njóta arðs af veiðunum en síðan sveitarsjóð, enda greiði hann þóknun þeim mönnum sem eru hreindýraeftirlitsmanni til aðstoðar við veiðarnar, sbr. 5. gr. Heimilt er þó að þeir fái í sinn hlut hreindýraafurðir í stað greiðslu.

Valdi hreindýr spjöllum eða geri átroðning á eyðijörðum, er heimilt að taka nokkurt tillit til þess við skiptingu arðs af hreindýraveiðum.

Ekki er heimilt að selja veiðileyfi.

5. gr.

Einn hreindýraeftirlitsmaður skal vera í hverjum þeirra hreppa og kaupstaða, sem nefndir eru í 2. gr., nema samkomulag verði um það að einn eftirlitsmaður verði fyrir tvö sveitarfélög. Skal hann ráðinn af menntamálaráðuneytinu að fengnum tillögum hlutaðeigandi hreppsnefndar og að höfðu samráði við sýslumann. Ráðuneytið ákveður og greiðir fasta þóknun hans fyrir starfið.

Hreindýraeftirlitsmenn ráðuneytisins framkvæma ásamt aðstoðarmönnum, sem þeir velja, þá fækkun hreindýra sem ákveðin er.

Aðalumsjón með hreindýrunum annast sá eftirlitsmaður, sem ráðinn er fyrir Fljótsdalshrepp og hefur hann einnig umsjón með störfum hinna eftirlitsmannanna.

Hreindýraeftirlitsmenn og aðstoðarmenn þeirra hafa ekki heimild til að fella hreindýr í öðru sveitarfélagi en því sem þeir eru ráðnir fyrir, nema með samþykki hlutaðeigandi sveitarstjórnar og að höfðu samráði við hreindýraeftirlitsmann.

6. gr.

Þeir einir mega annast fækkun hreindýra, sem til þess hafa næga skotfimi og kunnáttu í meðferð skotvopna að dómi hlutaðeigandi lögreglustjóra. Gætt skal þess að þeir fullnægi ákvæðum laga um leyfi til að eiga og nota skotvopn, sbr. lög nr. 46/1977 og reglugerð nr. 16/1978, sbr. reglugerð nr. 174/1979. Aðalhreindýraeftirlitsmaður ákveður hvaða tegund og stærð skotvopns (riffils) skuli nota. Eigi er þó leyfilegt að nota minni stærð riffils en cal. 243.

7. gr.

Hreindýraeftirlitsmenn skulu gæta þess vandlega að hreindýr séu ekki veidd á þeim slóðum, þar sem þau eru að nema ný lönd og talið er æskilegt að þau hagvenjist, heldur þar sem ætlunin er að bæga þeim frá.

8. gr.

Hreindýraeftirlitsmenn skulu sjá um að veidd séu þau dýr, sem minnstur skaði er að fyrir eðlilegan viðgang hjarðarinnar. Þeir skulu senda ráðuneytinu skýrslu um veiðarnar strax að veiðitíma loknum.

9. gr.

Athygli er vakin á að skv. lögum nr. 30/1966 um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum er óheimilt að hafa hreindýrakjöt til sölu, nema það hafi verið skoðað og metið af dýralækni.

10. gr.

Brot á reglum þessum, sem settar eru skv. lögum nr. 28/1940 um friðun hreindýra og eftirlit með þeim, sbr. og breytingu á þeim lögum nr. 72/1954, varða sektum eða varðhaldi, sbr. lög nr. 75/1982.

Reglur þessar öðlast þegar gildi og falla jafnframt úr gildi reglur nr. 317/1987 um hreindýraveiðar árið 1987.

Menntamálaráðuneytið, 19. júlí 1988.

Birgir Ísl. Gunnarsson.

Runólfur Þórarinnsson.

AUGLÝSING

**um breytingu á gjaldskrá fyrir Vatnsveitu Siglufjarðar nr. 148
18. mars 1982 með síðari breytingum.**

1. gr.

Staflíðir a-g í 3. gr. orðist svo:

- a) Fyrir þvottaplön sem rekin eru til þvotta á bifreiðum, t. d. í sambandi við eldsneytis-sölur, skal greiða kr. 48 000,00 á ári fyrir vatnsnotkun.
- b) Vatnsnotkun í steypu til mannvirkjagerðar og iðnaðar fyrir hver 100 kg sementsnotkun kr. 9,80.
- c) Fyrir vatnsnotkun í sláturhúsum skal greiða kr. 3,90 fyrir hverja slátraða sauðkind.
- d) Fyrir vatnsnotkun við síldarsöltun skal greiða 11,60 á hverja uppsaltaða tunnu síldar. Sama gjald skal vera fyrir hverja tunnu af söltuðum hrognum. Fyrir sjósaltaða síld sem lögð er á land til þökkunar og þæklunar skal greiða kr. 5,80 fyrir hverja útskipaða tunnu.
- e) Fyrir vatnsnotkun til bræðslu síldar, loðnu eða annars bræðslufisks skal greiða kr. 24,00 fyrir hvert landað tonn.
- f) Vatnsnot við fiskverkun skal greiða með kr. 19,40 á hverja smálest af innvegnum fiski.
- g) Fyrir vatn til skipa skal greiða sem hér segir: Til fiskiskipa kr. 61,50 fyrir hverja smálest eða hluta úr smálest og skal lágmarksgjald vera kr. 615,00. Til annarra skipa kr. 81,00 fyrir hverja smálest og skal lágmarksgjald vera kr. 810,00.

Heimilt er að leggja á sérstakt afgreiðslugjald ef óskað er eftir að fá vatn afgreitt til skipa utan venjulegs dagvinnutíma.

Vatn til skipa skal staðgreiða nema um annað hafi verið samið fyrirfram. Skip sem fengið hefir vatn afhent má ekki að viðlögðum sektum fara úr höfn fyrr en vatnið er greitt eða um greiðslu hefir verið samið.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem samþykkt er af bæjarstjórn Siglufjarðar, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 12. júlí 1988.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Húnbogi Þorsteinsson.